

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Sólstaður – Kaldakinn. Óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 25. júlí 2019, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi dagsettu 3. desember 2018 með síðari breytingu fyrir lóðina Sólstað úr jörðinni Köldukinn. Með breyttu deiliskipulagi er byggingareitur B1 færður um 100 metra til norðurs vegna nálægðar við helgunarsvæði raflínu. Önnur ákvæði haldast óbreytt.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 2. ágúst 2019.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.